

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 2/1999

Sigurður Lárusson

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Með bréfi, dags. 21. janúar 1998, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 1. febrúar s.á., hefur Sigurður Lárusson, kt. 100444-2089, kært meðferð samkeppnisyfirvalda á erindum sínum frá 29. september 1998, 31. október 1998 og 20. desember 1998.

Kæra áfrýjanda verður skilin svo að hann krefjist þess að ákvörðun samkeppnisyfirvalda frá 12. janúar 1999 verði felld úr gildi. Samkeppnisstofnun krefst þess að sú ákvörðun verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að með erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 15. júní 1994, óskaði áfrýjandi eftir að stofnunin aflaði ýmissa upplýsinga um gjaldskrár greiðslukortafyrirtækjanna. Einnig óskaði áfrýjandi eftir því að gjaldskrár fyrirtækjanna yrðu birtar opinberlega. Samkeppnisstofnun leitaði þá eftir upplýsingum frá fyrirtækjunum um gjaldskrár og viðskiptaskilmála þeirra gagnvart korthöfum og greiðsluviðtakendum. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar eftir þá könnun var að greiðslukortafyrirtækin fullnægðu skilyrðum VIII. kafla samkeppnislaga.

Með bréfi, dags. 29. september 1995, ítrekaði áfrýjandi beiðni sína um opinbera birtingu gjaldskráa greiðslukortafyrirtækjanna til Samkeppnisstofnunar. Ennfremur óskaði áfrýjandi eftir að könnuð yrðu fleiri atriði er snertu rekstur greiðslukortafyrirtækjanna. Áfrýjandi lagði síðar fram frekari gögn erindi sínu til stuðnings og átti fundi með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar. Í kjölfarið tók Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð til athugunar viðskiptahætti greiðslukortafyrirtækjanna.

Á fundi samkeppnisráðs 12. janúar 1998 var tekin ákvörðun nr. 1/1998. Í ákvörðuninni er tilteknum fyrirmælum varðandi viðskiptaskilmála fyrirtækjanna og

birtingu á viðmiðunartaxta um veltutengd þjónustugjöld beint til Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorta hf. Meðal annars var kortafyrirtækjunum bannað að hafa ákvæði í samningum við greiðsluviðtakendur sem skyldar þá til að veita korthöfum sömu viðskiptakjör, verð og þjónustu og það veitir þeim sem greiða með reiðufé.

Greiðslumiðlun hf. bar ákvörðun samkeppnisráðs undir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Á fundi áfrýjunarnefndar 2. mars 1998 var ákvörðun samkeppnisráðs staðfest en framkvæmd hennar frestað til 1. október 1998.

Með bréfi, dags. 29. september 1998, leitaði áfrýjandi til Samkeppnisstofnunar vegna blaðagreinir um greiðslukort sem birtist þann 24. september s.á. Í blaðagreininni er haft eftir Finni Sveinbjörnssyni, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra viðskiptabanka, að kostnaður við hverja færslu með greiðslukorti sé 9 krónur. Áfrýjandi krafðist þess, í fyrrgreindu bréfi, að Samkeppnisstofnun beitti sér fyrir því að ummælin yrðu dregin til baka og það birt á jafnáberandi hátt í fjölmiðlum. Jafnframt krafðist hann þess að beðist yrði velvirðingar á ummælunum og að bankakerfið yrði ávítað fyrir ranga og villandi upplýsingagjöf til almennings.

Með bréfi, dags. 29. október 1998, tilkynnti Samkeppnisstofnun áfrýjanda að ekki væri talin ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisyfirvalda.

Með bréfi, dags. 31. október 1998, til Samkeppnisstofnunar ítrekaði áfrýjandi erindi sitt frá 29. september 1998. Samkeppnisstofnun tilkynnti áfrýjanda, með bréfi dags. 4. desember 1998, að ekki væri talin ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisyfirvalda.

Með bréfi, dags. 20. desember 1998, til Samkeppnisstofnunar ítrekaði áfrýjandi enn erindi sitt frá 29. september 1998 og óskaði auk þess upplýsinga um hvort kortafyrirtækin hefðu birt gjaldskrár sínar.

Í bréfi til áfrýjanda, dags. 12. janúar 1999, tók Samkeppnisstofnun fram að allar gjaldskrár greiðslukortafyrirtækjanna væru opinberar og þær væri hægt að nálgast hjá fyrirtækjunum. Ennfremur var upplýst að stofnunin hefði til athugunar ýmsa þætti greiðslukortaviðskipta sem ekki hafi verið fjallað um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 1/1998. Þá var áfrýjanda bent á að unnt væri að bera ákvörðun Samkeppnisstofnunar undir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Áfrýjandi bendir á að rangar og villandi upplýsingar hafi borist um mál þetta frá bankakerfinu. Hann kveður ástæðu kæru sinnar vera viðtal við Finn Sveinbjörnsson, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra viðskiptabanka, sem birst hafi í dagblaði 24. september 1998. Í viðtalinu hafi Finnur haldið því fram að kostnaður við færslu á greiðslukorti sé 9. kr. Áfrýjandi kveður kostnað við slíka færslu vera mun hærri en að ómögulegt sé fyrir hinn almenna lesenda að átta sig á því.

Áfrýjandi bendir einnig á að bankakerfið telji fólki trú um að debetkort séu staðgenglar ávísana og tékka. Áfrýjandi kveður svo ekki vera og bendir á að greiðsluviðtakandi greiði meirihluta kostnaðar við debetfærslur.

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála 24. febrúar 1999.

III.

Niðurstöður.

Í máli þessu hefur áfrýjandi áfrýjað ákvörðun Samkeppnisstofnunar frá 12. janúar 1999 þar sem fram kemur að ekki sé ástæða til aðgerða í tilefni kvörtunar áfrýjanda. Ákvörðun Samkeppnisstofnunar felur í sér afstöðu stofnunarinnar til erinda áfrýjanda samkvæmt bréfum hans 29. september, 31. október og 20. desember 1998. Tilefni fyrsta bréfsins eru „meintar rangar og villandi upplýsingar frá bankakerfinu“, einkum vegna meintra rangra ummæla sem birst hafi í tiltekinni blaðagrein og fyrr hafa verið rakin. Annað bréfið felur í sér ítrekun á efni fyrra bréfsins. Þessum bréfum svaraði Samkeppnisstofnun með bréfi 4. desember 1998 þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til aðgerða í málinu. Áfrýjandi ritaði síðan þriðja bréfið þar sem óskað var að samkeppnisyfirvöld endurskoðuðu afstöðu sína.

Kvörtun áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar beindist að tilteknum ummælum í Dagblaðinu 24. september 1998 þar sem fram kom hver væri kostnaður við hverja debetfærslu. Áfrýjandi taldi ummælin röng og krafðist þess m.a. að Samkeppnisstofnun beitti sér fyrir því að þau yrðu dregin til baka og birt á jafnaberandi hátt í fjölmiðlum og að jafnframt yrði beðist velvirðinga á ummælunum. Fleiri kröfur voru einnig gerðar sem ekki er ástæða til að geta frekar hér. Telur áfrýjandi að Samkeppnisstofnun hafi borið lagaskylda til að hefjast handa af þessu tilefni til að fá hinum röngu ummælum hnekkt. Samkeppnisstofnun telur á hinn bóginn að ljóst sé af ummælunum að aðeins hafi verið átt við þann kostnað af kortafærslum sem falli á korthafa hverju sinni og því sé ekki ástæða til aðgerða af hálfu stofnunarinnar.

Áfrýjandi hefur leitt líkur að því að heildarkostnaður af debetfærslu sé hærri en þær 9 krónur sem getið er í umræddri blaðagrein. Samkeppnisstofnun metur m.a. af samhengi ummæla hvort þau hafi verið þess eðlis að ástæða sé til aðgerða út frá samkeppnisjónarmiðum. Ekki er annað komið fram en að erindi áfrýjanda hafi verið virt út frá málefnalegum sjónarmiðum en komist var að þeirri niðurstöðu að aðgerða væri ekki þörf í tilefni af erindi hans. Með hliðsjón af þessu ber að staðfesta ákvörðun Samkeppnisstofnunar.

Í gögnum áfrýjanda hafa komið fram ýmsar málsástæður sem ekki snerta úrlausnarefni máls þessa beinlínis. Þeim ummælum verður því ekki sinnt frekar.

IV.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun Samkeppnisstofnunar í bréfi, dags. 12. janúar 1999, um að ekki sé ástæða til aðgerða vegna kvörtunar áfrýjanda er staðfest.

Reykjavík, 15. mars 1999.

Stefán Már Stefánsson

Magnús H. Magnússon

Kirstín Flygenring